

Fjármála- og efnahagsráðherra
Hr. Bjarni Benediktsson
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 20.2.2019
Tilvísun vor: M-2018/ 0.11

Efni: Bréf fjármála- og efnahagsráðherra varðandi ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdastjóra félaga í ríkiseigu.

1.

Vísað er til bréfs yðar, dagsetts 12. febrúar 2019, til stjórna félaga í ríkiseigu varðandi ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdastjóra félaganna.

Í bréfinu kemur fram að ráðuneytið hafi þann 6. janúar 2017 sent erindi til stjórna fyrirtækja í ríkiseigu vegna ákvörðunar launa og starfskjara framkvæmdastjóra félaganna, sem féllu undan ákvörðunarvaldi kjararáðs þann 1. júlí 2017, og hafi erindið verið sent aftur með tölvubréfi ráðuneytisins þann 30. júní 2017. Í erindinu hafi verið vísað til eigendastefnu ríkisins og tilmælum varðandi launaákvæðanir beint til stjórna. Í bréfinu kemur einnig fram að ráðuneytið afli nú reglubundið upplýsinga um launakjör þessara aðila. Slíkar upplýsingar bendi til þess að ekki hafi í öllum tilfellum verið farið að tilmælum ráðuneytisins og hluti stjórna ekki tekið tillit til þeirra. Af þessu tilefni er þess óskað að stjórnir fyrirtækja í ríkiseigu upplýsi ráðuneytið um hvernig hafi verið brugðist við tilmælunum sem til þeirra var beint í erindi ráðuneytisins frá 2017 og í hvaða mæli þau hafi verið höfð til hliðsjónar. Hafi stjórnir ákvarðað framkvæmdastjórum launahækkanir umfram almenna launaþróun er óskað eftir því að þær færi rök fyrir þeim með vísun til eigendastefnu.


2.

Vegna umræðu um launamál eftir birtingu ársreiknings Landsvirkjunar fyrir árið 2017 sendi stjórn félagsins yður bréf þann 9. apríl 2018 þar sem eftirfarandi var meðal annars komið á framfæri um laun forstjóra félagsins:

„Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins og starfar á flóknu alþjóðlegu viðskiptasviði. Fyrirtækið er rekið á einkaréttarlegum grunni í samkeppnisumhverfi, þótt eignarhald þess sé í höndum ríkisins.

Það er stefna og markmið Landsvirkjunar að laða að og hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki og stjórnendum. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að bjóða hófleg en samkeppnishæf laun við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum á markaði. Það er því hvorki stefna né vilji stjórnar Landsvirkjunar að fyrirtækið leiði launaþróun í landinu eða borgi hæstu laun. Að því er varðar laun og starfskjör forstjóra er rétt að hafa í huga að þau byggjast á gagnkvæmum samningi á milli stjórnar og forstjóra, þ.e. ráðningarsamningi.

Í eigendastefnu ríkisins fyrir hlutafélög og sameignarfélög, sem gefin var út árið 2012, kemur meðal annars fram að félög í eigu ríkisins skuli „ ... setja sér hóflega en samkeppnishæfa launastefnu“. Þetta viðmið er áréttað í bréfi yðar til stjórna fyrirtækja



í ríkiseigu, dagsettu 6. janúar 2017, vegna fyrirhugaðs flutnings ákvörðunarvalds um laun forstjóra fyrirtækjanna frá kjararáði hinn 1. júlí 2017. Stjórn Landsvirkjunar telur sig hafa fylgt þessu viðmiði við leiðréttingu á launum forstjóra fyrirtækisins á síðasta ári um leið og stjórnin efndi gagnkvæman ráðningarsamning við forstjóra sem gerður var árið 2009. Að því er varðar þá ábendingu, sem fram kemur í nefndu bréfi, að æskilegt sé að forðast að ákvarða miklar launabreytingar á stuttum tíma er óhjákvæmilegt að taka mið af málsatvikum og réttarstöðu í hverju tilviki.

Árið 2009 gerði þáverandi stjórn Landsvirkjunar ráðningarsamning við núverandi forstjóra fyrirtækisins. Eftir gerð ráðningarsamningsins tóku gildi breytingar á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, sem leiddu til þess að ákvörðunarvald um launakjör forstjóra var tekið úr höndum stjórnna fyrirtækja í ríkiseigu, þar með talið Landsvirkjunar, og færð til kjararáðs. Um tímabundna ráðstöfun átti að vera að ræða á meðan verið væri að ná aftur jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, endurreisa fjármálakerfið og ná þjóðarsátt um lykilmarkmið og viðamiklar efnahagsráðstafanir eftir hrun fjármálakerfisins.

Með úrskurði kjararáðs þann 23. febrúar 2010 voru laun forstjóra Landsvirkjunar lækkuð verulega.

Þáverandi stjórn Landsvirkjunar mótmælti þeirri ráðstöfun, enda þýddi hún að fyrirtækinu var ómögulegt að efna ráðningarsamninginn við forstjóran. Í bréfi þáverandi stjórnarformanns, fyrir hönd stjórnar fyrirtækisins, til forstjóra, sem dagsett er 24. ágúst 2012, vegna launalækkunar forstjóra segir:

„Með tilvísun til alls framangreinds lýsir stjórn Landsvirkjunar því yfir að stjórnin mun eftir því sem kostur er leiðrétta laun- og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar í samræmi við upphaflegt efni ráðningarsamnings hans þegar annaðhvort a) lögum um kjararáð hefur verið breytt og ákvörðunarvald launa- og starfskjara forstjóra flutt til stjórnarinnar á ný, eða b) efniðurstaða dómsmáls eða niðurstaða stjórnvalda leiðir í ljós að óheimilt hafi verið að fella einhliða úr gildi launa- og starfskjaraákvæði ráðningarsamninga sambærilegra forstjóra og/eða færa ákvörðunarvald um þau kjör undir kjararáð.“

Með nýjum lögum um kjararáð, nr. 130/2016, var ákvörðunarvald um laun og starfskjör forstjóra flutt á ný til stjórnar fyrirtækisins. Til þess að efna ráðningarsamninginn og í samræmi við samþykkt fyrri stjórnar ákvað stjórn Landsvirkjunar á síðasta ári að uppfæra laun forstjóra með hliðsjón af launaþróun og tók breytingin gildi 1. júlí 2017. [...]"

3.

Eins og fram kemur að framan var breytingin á launum forstjóra Landsvirkjunar, sem tók gildi 1. júlí 2017, gerð með hliðsjón af launaþróun. Laun forstjórans hafa verið óbreytt frá þeim tíma, að öðru leyti en því að bifreiðahlunnindi hækkuðu 1. janúar 2018 vegna bifreiðaskipta (eldri bifreið var orðin 13 ára gömul).

Virðingarfyllst

stjórnarformaður Landsvirkjunar

